



Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Síðumúla 24
108 Reykjavík
Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 24. október 2025

Efni: Umsögn um frumvarp um hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris, aldursviðbót og vinnslu persónuupplýsinga

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 17. október. Stjórnvöld áforma að hækka almennt frítekjumark ellilífeyris úr 36.500 krónum í 60.000 krónur á kjörtímabilinu, um 5.000 krónur 2026 og 2027 síðan 13.500 krónur 2028. Frítekjumarkið má nota á móti öllum tegundum tekna, þ.m.t. lífeyrissjóðstekjum, atvinnutekjum eða fjármagnstekjum. Til viðbótar við þau áform stendur til að festa í sessi aldursviðbót öryrkja, þannig ellilífeyrisþegar sem áður voru á örorku haldi rétti sínum til aldursviðbótarinnar. Einnig eru gerðar breytingar á hvernig miðlun og söfnun persónu- og tölfræðigagna fer fram. Samtökin vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Almennar athugasemdir um frumvarpið

Stjórnir ríkisstofnana sem heyra beint undir ráðherra og hafa ekki neitt formlegt skipulagsvald eða umboð til stefnumótunnar eru óþarfar. Fagna samtökin því að stjórn Tryggingarstofnunnar verði aflögð. Samtökin fagna sömuleiðis að gögnum sé safnað með skipulagðari hætti en hvetja til aukins samráðs við hagaðila, þá sérstaklega VIRK þegar þessar hugmyndir eru unnar áfram.

Ráðstöfunartekjur eldri borgara aukist mest frá aldamótum


Sé litið til ráðstöfunartekna mismunandi aldurshópa á Íslandi sést að þær hafa aukist mest hjá eldri borgurum 67 ára og eldri, óháð því hvort litið sé til síðustu 5, 10 eða 25 ára.

Þá hafa hærri vextir minnst áhrif á eldri kynslóðir. Hluti áhrifa hárra vaxta koma fram í auknum ráðstöfunartekjum þar sem fjármagnstekjur eru hæstar hjá elsta aldurshópnum. Þau áhrif sem birtast ekki með beinum hætti eru lægri kostnaður, þ.e. lægra hlutfall ráðstöfunartekna sem er varið í vaxtakostnað. Eldri kynslóðir skulda talsvert minna en þær yngri og eru oft jafnvel alveg skuldlausar. Efnahagsástandið á Íslandi um þessar mundir bitnar því hvað síst á ellilífeyrisþegum og hvað mest á yngstu kynslóðunum, sérstaklega þeim sem eru að taka sín fyrstu skref á húsnæðismarkaði eða þeim sem ekki hafa komist inn á húsnæðismarkað.



Ráðstöfunartekjur mismunandi aldurshópa

Árleg aukning ráðstöfunartekna frá á mismunandi tímabilum á verðlagi hvers árs í prósentum



Heimildir: Hagstofa Íslands

Aðstæður eldri borgara eru mismunandi

Tekjusögunni er ætlað að aðstoða stjórnvöld við að leggja mat á áhrifum breytinga skatta og bóta á lífskjör einstakra hópa. Á [vef Tekjusögunnar](#) sést að talsverð dreifing er á tekjum eldri borgara. Ráðstöfunartekjur allra tekjutíunda hafa þó aukist töluvert frá fjármálahruni og hlutfallslega mest hjá tekjulægstu hópnum eins og fram hefur komið í greiningum frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu¹.


Í greinargerð væri tilefni til að skoða hvernig þær almennu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu hafa áhrif á allar tekjutíundir og mætti nýta til þess tól eins og tekjusöguna sem komið var á fót m.a. í þeim tilgangi. Samtökin ítreka áherslu sína að fremur ætti að beita sértækum úrræðum en almennum, sér í lagi þar sem eldri borgarar hafa hækkað hvað mest í ráðstöfunartekjum undanfarin ár. Ríkissjóður er enn rekinn með halla og er því enn verið að leggja þyngru byrðar á herðar yngri kynslóðum til að auka við ráðstöfunartekjur hóps sem þegar hefur notið aukningar umfram aðra hópa á umliðum árum.

¹<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/03/12/Storbaett-kjor-eldri-borgara-a-Islandi/>



Ráðstöfunartekjur hjóna 68 ára og eldri

Á föstu verðlagi 2023



Heimildir: Tekjusagan

Bætur almannatrygginga hækka hraðar

Mun þessi breyting frítekjumarks leggjast ofan á fyrirætlanir stjórnvalda um að ellilífeyrir og aðrar bætur almannatrygginga hækki með sama hætti og launavísitala, en þó aldrei minna en vísitala neysluverðs. Ljóst er að með því fyrirkomulagi munu ráðstöfunartekjur bótaþega og ellilífeyrisþega aukast enn frekar miðað við aðra líkt og rakið var í fyrri umsögn SA².

Aukin þensla eykur verðbólgu

Heildarumfang fyrirhugaðra breytinga er metið á um 5,9 milljarða króna. Áætlaður kostnaður sem af frumvarpinu hlýst er 900 milljónir króna umfram það sem ráðgert er í fjármálaáætlun og mun að öllum líkindum auka þenslu og halla ríkissjóðs. Slíkt veldur verðbólguþrýstingi og vinnur gegn lægri vöxtum, sem raunar bitnar minnst á þeim hóp sem frumvarpið nær til.

Með þeim rökum sem hér að ofan eru útlustuð leggjast samtökin gegn frumvarpinu og hvetja stjórnvöld frekar til sértækari aðgerða sem styðja við þá sem standa höllum fæti, en ekki almennar aðgerðir líkt og áformað er að ráðast í.

² https://samtok-atvinnulifsins.cdn.prismic.io/samtok-atvinnulifsins/aAdsV1vg_A-GMuFn_Launav%C3%ADsitalaogalmannatryggingar.pdf



Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Arnar Birkir Dansson
hagfræðingur